

12. fundur

Safnanefnd hélt fund 20. október 1999 kl. 17:30 í Ráðhúsinu.

Mættir voru Ægir Jóhannsson, Guðrún Gunnarsdóttir, Laufey Hjaltalín, Guðrún Ársælsdóttir auk þeirra Sigurlína Sigurbjörnsdóttir.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun.
2. Önnur mál.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkoma.

1. Sigurlína lagði fram yfirlit yfir stöðu fjármála fyrir amtsbókasafnið og skýrði ýmis útgjöld.
Taldi að brýn þörf væri á að sett yrði sem fyrst sólarvörn á gler í bókastofu barna.
Ræddi síðan ýmsar stefnur í bókasafnsmálum s.s. ættfræði og vonaðist til að hægt yrði að fá ættfræðing til að koma fólki af stað í þeirri grein.
2. Guðrún Anna ræddi um bréf forstöðumanna almenningsbókasafna.
Miklar umræður urðu um bréf þetta og ákveðið að nefndin sendi frá sér álit á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 19:00.

Guðrún Marta Ársælsdóttir (sign.),
Ægir Jóhannsson (sign.),
Laufey V. Hjaltalín (sign.),
Guðrún A. Gunnarsdóttir (sign.),
Sigurlína Sigurbjörnsdóttir (sign.).

Íhs.